

Efnahags- og skattanefnd Alþingis
7. júlí 2009

Ég þakka háttvirtum formanni efnahags- og skattanefndar fyrir boðið til þessa fundar. Álit mitt á því máli sem nefndin hefur til meðferðar byggir á aldarfjórðungsstarfi mínu sem hagfræðingur við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn m.a. sem staðarfulltrúi hans í þremur Asíulöndum á árunum frá 1968 til 1975 – Indónesíu, Kambódíu, og Suður Víet-Nam – sem glimdu við erfið hagstjórnarverkefni með aðstoð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Frá sjónarhóli hagstjórnar við erfiðar aðstæður er ICESAVE málið lykilvandi sem þarf að leysa á þann hátt að samræmist farsælli útfærslu aðgerðaáætlunar stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Sama sjónarmið endurspeglast í þeim viðmiðum sem aðilar málsins settu sér með samkomulaginu í Brussel 14. nóvember sl.

Þar er ‘viðurkenning allra aðila á lagalegri stöðu’ Íslands gagnvart innistæðutryggingum vegna útibúa Landsbankans í Bretlandi og Hollandi sögð greiða fyrir “skjóttri niðurstöðu samningaviðræðna þeirra sem nú standa yfir um fjárhagsaðstoð við Ísland, þ.m.t. við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.”

Í beinu framhaldi segir að “Þessar samningaviðræður skulu fara fram með samhæfðum og samræmdum hætti og skal þar tekið tillit til hinna erfiðu og fordæmislausu aðstæðna sem Ísland er í og knýjandi nauðsynjar þess að ákveða ráðstafanir sem gera Íslandi kleift að endurreisa fjármála- og efnahagskerfi sitt.”

Aðstæðurnar eru öllum kunnar og ekki er deilt um nauðsyn þess að Ísland geti endurreist fjármála- og efnahagskerfi sitt. Viðunandi lausn á ICESAVE málinu er því lykilatriði við gerð og útfærslu aðgerðaáætlunar íslenzkra stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem lánafyrirgreiðsla og stuðningur sjóðsins við sjálft endurreisnarstarfið byggist á.

Hrún bankakerfisins sl. október bar brátt að og margt var óljóst um lykilhagstærðir í nútíð og framtíð sem áætlunin var byggð á. Óvissan var undirstrikuð í skýrslu sem fylgdi beiðni Íslands til framkvæmdastjórnar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um lánafyrirgreiðslu um miðjan nóvember sl. Eins endurspeglast hún í þeim drætti sem orðið hefur á fyrirhugaðri endurskoðun áætlunarinnar sem átti að vera lokið fyrir 25. febrúar sl.

Ein meginforsenda áætlunarinnar var að erlend skuldastaða þjóðarbúsins við lok 2009 myndi vera af stærðargráðunni 160% af vergri landsframleiðslu Íslands. Og þar af myndu skuldir hins opinbera nema um 100%. Það kom því sem reiðarslag þegar fréttir bárust í síðustu viku að skuldastaðan í lok marz 2009 hafi verið af stærðargráðunni 250%.

Það fylgdi ekki hver hlutdeild hins opinbera í hækkuninni kann að hafa verið – ef reiknað er með að hún sé umtalsverð, þá blasir við að vandinn á sviði ríkisfjármála á komandi tíð er miklu meiri en áður var talið og var hann þó ærinn fyrir. Sl. nóvember var það mat Alþjóðagjaldeyrissjóðsins að skuldsetning sem næmi 240% af vergri landsframleiðslu væri “clearly unsustainable” eða augljóslega óviðráðanleg fyrir Ísland.

Um það verður vart deilt þar sem vextir af skuldahlutfalli upp á 250% munu jafngilda um einum þriðja af gjaldeyristekjum þjóðabúsins. Með hliðsjón af gjörbreyttum forsendum varðandi mat á skulðapoli Íslands á komandi tíð tel ég nauðsynlegt að íslensk stjórnvöld og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn meti skuldastöðu þjóðarbúsins í lok marz eða júní 2009 og endurskoði fyrri spá um skuldastöðu upp á 160% af vergri landsframleiðslu í lok ársins.